

REGLUR UM LÆKKUN OG NIÐURFELLINGU FASTEIGNASKATTS TEKJULÁGRA ELLI- OG ÖRORKULÍFEYRISÞEGA

1. gr.

Til að geta átt rétt á afslætti af fasteignaskatti samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni, þarf eftirtöldum skilyrðum að vera fullnægt:

- a. Viðkomandi elli- og örorkulífeyrisþegar verða að eiga lögheimili í Hvalfjarðarsveit og séu þinglýstir eigendur viðkomandi fasteignar og/eða geti átt rétt á vaxtabótum vegna hennar samkv. B-lið 68. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignaskatt.
- b. Umsækjandi sé 75 % öryrki eða 67 ára eða eldri. Ellilífeyrisþegar geta fyrst átt rétt á afslætti hafi þeir orðið 67 ára á næsta ári á undan álagningarári. Þeir sem eru úrskurðaðir 75 % öryrkjar á álagningarári eiga rétt á hlutfallslegri lækkun frá því að örorkumat tók gildi. Koma þarf með viðeigandi gögn á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar og óska þar eftir hlutfallslegri lækkun.
- c. Umsækjandi búi sjálfur í íbúðarhúsnæðinu sem staðsett sé á íbúðarsvæði skv. skipulagi og hafi ekki af því leigutekjur. Heimilt er að víkja frá þessu skilyrði, þegar umsækjandi dvelur á stofnun, á því ári sem viðkomandi fer á stofnun eða næsta ár á eftir, enda hafi viðkomandi ekki leigutekjur af húsnæðinu og/eða að fasteignin sé ekki nýtt af öðrum til íbúðar. Sé sótt um afslátt af húsnæði sem stendur utan hefðbundins íbúðarsvæðis skv. skipulagi, skal afsláttur áskilinn því að húsnæðið hafi A skráningu í Landskrá fasteigna og ekki sé um að ræða húsnæði sem stendur á skráðu frístundahúsasvæði.
- d. Sé umsækjandi í óvígðri sambúð gilda sömu reglur og um hjón sé að ræða.
- e. Þegar um hjón eða sambúðaraðila er að ræða nægir að annað hjóna eða sambúðaraðili fullnægi því skilyrði að vera elli- og örorkulífeyrisþegi.
- f. Falli annar aðilinn, sem getið er í staflið d, frá, þá á sá eftirlifandi rétt að því að njóta afsláttar hjóna, eða sambúðaraðila, út árið sem fráfalið átti sér stað á, óski hann þess.
- g. Verði slit á hjónabandi eða sambúð þeirra einstaklinga sem getið er í staflið d, þá eiga aðilar máls rétt á öðru tveggja, frá og með þeim tíma sem lögskilnaður er skráður eða sambúðarslit skrá:
 1. Að njóta óbreytts afsláttar út álagningarárið óski þeir þess.
 2. Að vera meðhöndlaðir sem einstaklingar frá og með þeim tíma óski þeir þess, enda geti þeir með fullnægjandi hætti sýnt aðgreindar sértekjur sínar vegna ársins á undan sbr. gr. 2 og 3.

2. gr.

Varðandi tekjuviðmiðanir gilda þær tekjur sem eru stofn til útreiknings tekjuskatts, útsvars og fjármagnstekjuskatts, eins og þessar tekjur voru á næsta ári á undan álagningarárinu. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðra sambýlisaðila.

3. gr.

Framkvæmd útreiknings afsláttar fer þannig fram að við álagningu fasteignagjalda í upphafi árs er gerður vélrænn samanburður tekna samkvæmt fyrirbyggjandi skattframtali. Við álagningu fasteignagjalda, í febrúar ár hvert verður til bráðabirgða reiknuð út lækkunin frá síðasta fyrirbyggjandi skattframtali og færð til lækkunar á fasteignaskatti á álagningarseðli. Í júní þegar staðfest skattframtal liggur fyrir vegna tekna síðastliðins árs verður afsláttur endurreiknaður og tilkynnt ef breyting verður. Ekki þarf að sækja um lækkun.

4. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, 5. gr. 4. mgr.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 13. janúar 2020



The image shows an official stamp of the Hvalfjörður Municipality (Sveitarstjórn Hvalfjörðs) with the name Linda Björk Pálsdóttir written in blue ink across it. Below the stamp, the name and title are printed: Linda Björk Pálsdóttir, Sveitarstjóri.

Linda Björk Pálsdóttir
Sveitarstjóri